



Þekkingarnet
Þingeyinga

MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLU

BREYTINGAR Á EINUM ÁRATUG
2009-2018



Nóvember 2018

Nóvember 2018

Pekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Börn á héraðsmóti HSP: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Hljómsveitin Legó: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Hrútagur á Raufarhöfn: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Dýrin í Hálsaskógi: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Ábyrgð/ritstjórn:

Óli Halldórsson/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Frankvæmd:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir/Birna Ásgeirsdóttir

978-9935-405-56-2

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i>	<i>1</i>
<i>Sveitarfélög</i>	<i>3</i>
Langanesbyggð	3
Langanesbyggð	4
Langanesbyggð	5
Svalbarðshreppur	6
Svalbarðshreppur	7
Svalbarðshreppur	8
Norðurþing	9
Norðurþing	10
Norðurþing	11
Tjörneshreppur	12
Tjörneshreppur	13
Tjörneshreppur	14
Píngeyjarsveit	15
Píngeyjarsveit	16
Píngeyjarsveit	17
Skútustaðahreppur	18
Skútustaðahreppur	19
Skútustaðahreppur	20
<i>Svæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</i>	<i>21</i>
<i>Byggðakjarnar</i>	<i>24</i>
<i>Þéttbýliskjarnar og dreifbýli</i>	<i>28</i>
<i>Börn og fólk á barnseignraldri</i>	<i>32</i>
<i>Helstu niðurstöður</i>	<i>33</i>
<i>Heimildir</i>	<i>35</i>

INNGANGUR

Árlega tekur Þekkingarnet Þingeyinga (ÞÞ) saman tölur um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Markmið þessa er að greina þróun byggðar og samfélaga til upplýsingar fyrir íbúa, sveitarfélög og stjórnvöld. Í athuguninni er farið svoltið undir yfirborðið og lýðfræðin greind af meiri nákvæmni en mannfjöldatala ein og sér gefur vísbendingar um, t.d. hvernig mannfjöldi sem þar býr skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar hvert ár. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en nokkrir minni byggðakjarnar eru á svæðinu öllu og sveitir. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2011 en þá breytti Hagstofan lítillega mörkum fyrir þá.


Samantektin í ár er með aðeins öðru sniði en undanfarin ár þar sem nú er tekið saman yfirlit yfir þróun mannfjölda á 10 ára tímabili. Þá er einnig birtur meðalaldur í hverju sveitarfélagi sem hefur ekki verið áður, en þær tölur eru reiknaðar sérstaklega út þar sem ekki er hægt að nálgast þær fyrir hvert sveitarfélag eða Þingeyjarsýslu í heild.

Eldri tölur má nálgast í skýrslum ÞÞ á www.hac.is eða á vefsíðu Hagstofunnar www.hagstofa.is.


Niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast við að framsetningin sé skýr og einföld.

SVEITARFÉLÖG

LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2009-2018.




Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2009-2018.

LANGANESBYGGÐ



Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2014 og 2018.

LANGANESBYGGÐ




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langanesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.


Íbúum í Langanesbyggð fækkaði um 3 frá síðasta ári og er nú annað árið í röð undir 500 manns. Mannfjöldi þar hefur sveiflast lítillega innan ákveðinna marka síðustu 10 árin. Athyglisvert er að sjá að konum fækkar heldur og eru nú 44,5% íbúa, sem þýðir að á hverja 100 karla eru 80 konur.

Sveitarfélagið hefur verið með nokkuð góða aldursdreifingu með nokkurn fjölda barna og ungs fólks en aðeins hefur dregið saman þar. Í fyrsta sinn í 10 ár er meðalaldurinn ekki undir landsmeðaltali og er nú ári hærri eða 39 ár.

SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 5 Íbúafjöldi í Svalbarðshreppi árin 2009-2018.




Mynd 6 Kynjaskipting íbúa í Svalbarðshreppi árin 2009-2018.

SVALBARÐSHREPPUR



Mynd 7 Aldursdreifing í Svalbarðshreppi árin 2014 og 2018.


SVALBARÐSHREPPUR




Mynd 8. Meðalaldur íbúa í Svalbarðshreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Í Svalbarðshreppi fækkaði um 3 íbúa og eru þeir nú 92 talsins. Þar hefur konum einnig fækkað frekar en körlum, og eru hlutfallið 80 konur á hverja 100 karla eins og í Langanesbyggð sem tilheyrir sama byggðarlagi. Meðalaldur er hærri en landsmeðaltal eða 40 ár. Aldursdreifingu er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana með svo fáa íbúa.

NORÐURÞING




Mynd 9 Íbúaföldi í Norðurþingi árin 2009-2018.




Mynd 10 Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2009-2018.

NORÐURÞING



Mynd 11 Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2014 og 2018.


NORÐURÞING




Mynd 12. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Töluverð fjölgun hefur verið í Norðurþingi en íbúum þar hefur fjölgað um 271 á milli ára. Iðnaðaruppbygging á Bakka hefur þar mikið að segja, því stór hluti fjölgunar liggur í fjölda ungra karlanna. Meðalaldurinn er enn hærri en landsmeðaltal eða 41 ár. Karlar eru nú nokkuð fjölmennari en konur eða 76 konur á hverja 100 karla. Ef litið er 2 ár aftur í tímann þá var þessi tala 96 konur á hverja 100 karla árið 2016. Á mannfjöldapýramídanum má sjá að mesta fjölgun er meðal karlanna á aldrinum 25-55 ára, en hluti þeirra má ætla að séu lögskráðir tímabundið til heimilis í Norðurþingi á meðan framkvæmdatíma standur. Áhugavert verður að fylgjast með þróun mannfjölda næstu árin, þegar framkvæmdartíma lýkur á Bakka.

TJÖRNESHREPPUR




Mynd 13 Íbúafjöldi í Tjörneshreppi árin 2009–2018.




Mynd 14 Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2009–2018.

TJÖRNESHREPPUR




Mynd 15 Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2014 og 2018.

TJÖRNESHREPPUR




Í Tjörneshreppi fækkaði um einn íbúa milli ára 2017 og 2018 og eru þeir nú 58 talsins. Íbúafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Konur fleiri en karlar þar sem hlutfall karla er 87 á hverjar 100 konur. Meðalaldur er verulega hærri en landsmeðaltal en með svo fáa íbúa er hins vegar lítið mögulegt að álykta út frá íbúatölum. Börn eru mjög fá í sveitarfélaginu og þá vantar inn í marga árganga.

ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 16 Íbúafjöldi í Þingeyjarsveit árin 2009-2018.




Mynd 17 Kynjasamsetning í Þingeyjarsveit árin 2009-2018.

ÞINGEYJARSVEIT



Mynd 18 Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2014 og 2018.


ÞINGEYJARSVEIT




Mynd 19. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Þingeyjarsveit fjölgaði um 47 á milli ára og er það nokkur fjölgun eftir nokkurra ára tímabil þar sem breytingar voru afar litlar. Þessa fjölgun má að miklu leyti rekja til fjölda erlendra starfsmanna sem eru lögskráðir og unnu við framkvæmdir á Þeistareykjum, við byggingu Þeistareykjavirkjunar. Kynjahlutfallið hefur þó breikkað nokkuð allt frá árinu 2014, og er nú 74 konur á hverja 100 karlmenn. Mögulega kann að vera að fjöldi erlendra starfsmanna sem starfað hefur tímabundið við uppbyggingu á Þeistareykjum felí raunverulega fólksfækkun í Þingeyjarsveit, ef horft er til þess hversu mikið konum hefur fækkað í sveitarfélaginu.

SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 20 Íbúafjöldi í Skútustaðahreppi árin 2009-2018.




Mynd 21 Kynjasamsetning í Skútustaðahreppi árin 2009-2018.

SKÚTUSTAÐAHREPPUR



Mynd 22 Aldursdreifing í Skútustaðahreppi árin 2014 og 2018.


SKÚTUSTAÐAHREPPUR




Mynd 23. Meðalaldur íbúa í Skútustaðahreppi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Skútustaðahreppi fjölgaði um 68 milli ára sem er þó nokkur aukning, og hefur þá fjölgað um 122 íbúa á fjórum árum sem verður að teljast eftirtektarvert. Kynjasamsetning er mjög jöfn og eru 99 konur á hverja 100 karla. Meðalaldur lækkar og er nú undir landsmeðaltali. Ef litið er á mannfjöldapýramídan má sjá að þessi aukning er að mestu leyti í ungu fólki af báðum kynjum, sem og í fjölgun barna. Þarna er því ákveðinn viðspyrna að eiga sér stað í byggðinni og pýramídan ekki lengur „mittismjór“ með skorti á ungu fólki á barnseignaraldri.


SVÆÐI PEKkingARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 24 Heildarmannfjöldi á svæði Pekkingarnets Þingeyinga árin 2009-2018.



Mynd 25 Kynjasamsetning íbúa á starfssvæði Pekkingarnets Þingeyinga árin 2009-2018.




Mynd 26. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2014 og 2018.



Mynd 27 Meðalaldur í Píngeyjarsýslu og landsmeðaltal


BYGGÐAKJARNAR

Bakkafjörður




Mynd 28 Mannfjöldi á Bakkafirði árin 2009-2018.

Þórshöfn




Mynd 29 Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2009-2018.

Raufarhöfn




Mynd 30 Mannföldi á Raufarhöfn árin 2009-2018.

Kópasker




Mynd 31 Mannföldi á Kópaskeri árin 2009-2018.

Húsavík




Mynd 32 Mannföldi á Húsavík árin 2009-2018.

Laugar



Mynd 33 Mannföldi á Laugum árin 2009-2018.


Reykjahlíð



Mynd 34 Mannfjöldi í Reykjavíki árin 2009-2018.


ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI

685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 35 Mannfjöldi í póstnúmerum 685 og 686 Bakkafjörður.

680 og 681 Þórshöfn




Mynd 36 Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681.

675 og 676 Raufarhöfn




Mynd 37 Mannfjöldi í póstnúmerum 675 og 676 Raufarhöfn.

670 og 671 Kópasker




Mynd 38 Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker.

640 og 641 Húsavík




Mynd 39 Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.


Laugar og nærsveitir



Mynd 40 Mannfjöldi í póstnúmerunum 645 Fosshóll og 650 Laugar.




Mynd 41 Mannfjöldi í pósthúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlið og nærsveitir).



Mynd 42 Dreifing á svæðinu öllu í þéttbýli og dreifbýli.

BÖRN OG FÓLK Á BARNSEIGNRALDRI



Mynd 43 Börn og fólk á barneignaraldri.

Þar sem nokkuð er rætt um fækkun fólks á barnseignaraldri má sjá á mynd 37 að á síðustu 10 árum hefur þróunin framanaf verið á þá leið að fólki fækkaði í þessum árgöngum. Frá árinu 2015 hefur fólki á barneignaraldri tekið að fjölga á ný. Á sama tíma hefur börnum og ungmennum á aldrinum 0-19 ára fækkað um rúm 21%. Þessir árgangar hafa þó allir skólastig við hæfi á staðnum, þó vissulega sé ekki framhaldsskóli í öllum byggðakjörnum þá eru framhaldsskólanemendur yfirleitt með lögheimili á staðnum og teljast því til íbúa á svæðinu.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Íbúum í **Langesbyggð** fækkaði um 3 frá síðasta ári og er nú annað árið í röð undir 500 manns. Mannfjöldi þar hefur sveiflast lítillega innan ákveðinna marka síðustu 10 árin. Athyglisvert er að sjá að konum fækkar heldur og eru nú 44,5% íbúa, sem þýðir að á hverja 100 karla eru 80 konur. Nokkuð góð aldursdreifing hefur verið innan sveitarfélagsins, nokkur fjöldi barna og ungs fólks en aðeins hefur dregið saman þar. Í fyrsta sinn í 10 ár er meðalaldurinn ekki undir landsmeðaltali og er nú ári hærri eða 39 ár. Tveir byggðakjarnar eru í sveitarfélaginu, Þórshöfn og Bakkafjörður, og hefur fækkað nokkuð á Bakkafirði sem og í dreifbýli í sveitarfélaginu.

Í **Svalbarðshreppi** fækkaði um 3 íbúa og eru þeir nú 92 talsins. Þar hefur konum einnig fækkað frekar en körlum, og eru hlutfallið 80 konur á hverja 100 karla eða það sama og í Langesbyggð sem tilheyrir sama byggðarlagi. Meðalaldur er hærri en landsmeðaltal eða 40 ár. Aldursdreifing er nokkuð ójöfn og erfitt að álykta um hana vegna fámennis.

Töluverð fjölgun hefur átt sér stað í **Norðurþingi** en þar hefur íbúum fjölgað um 271 á milli ára. Þar hafa þó iðnaðarframkvæmdir á Bakka mikið að segja, þar sem stór hluti fjölgunarinnar liggur í ungum karlmönnum. Meðalaldurinn er þó enn hærri en landsmeðaltal eða 41 ár. Karlar eru nú nokkuð fjölmennari en konur eða 76 konur á hverja 100 karla. Ef lítið er 2 ár aftur í tímann þá var þessi tala 96 konur á hverja 100 karla árið 2016. Á mannfjöldapýramídanum má sjá að mesta fjölgun er meðal karlanna á aldrinum 25-55 ára. Áhugavert verður að sjá þróun næstu árin í mannfjölda, þegar framkvæmdartíma lýkur.

Í **Tjörneshreppi** fækkaði um einn íbúa og eru þeir nú 58 talsins. Íbúafjöldi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og eru konur fleiri en karlar þar sem hlutfall karla er 87 á hverjar 100 konur. Með svo fáa íbúa er hins vegar ekki mögulegt að álykta út frá íbúatölum, mjög fá börn eru í sveitarfélaginu og vantar fólk í marga árganga.

Íbúum í **Pingeyjarsveit** fjölgaði um 47 á milli ára og er það nokkur fjölgun eftir nokkurra ára tímabil þar sem breytingar voru afar litlar. Þessa fjölgun má þó skýra að miklu leyti með erlendum starfsmönnum við framkvæmdir á Peistareykjum. Kynjahlutfallið hefur breikkað nokkuð allt frá árinu 2014, og eru nú 74 konur á hverja 100 karlmenn. Mögulega kann að vera að tímabundin búseta erlendra starfsmanna við uppbyggingu á Peistareykjum feli hér raunverulega fólksfækkun, ef miðað er við hversu mikið konum hefur fækkað.

Íbúum í **Skútustaðahreppi** fjölgaði um 68 milli ára sem er þó nokkur aukning, og hefur þá fjölgað um 122 íbúa á fjórum árum sem verður að teljast eflurtektarvert. Kynjasamsetning er mjög jöfn og eru 99 konur á hverja 100 karla. Meðalaldur lækkar og er nú undir landsmeðaltali. Ef lítið er á mannfjöldapýramídanum má sjá að þessi aukning er að mestu leyti í ungu fólki af báðum kynjum, sem og í fjölgun barna. Þarna er því ákveðinn mótstraumur að eiga sér stað og pýramídið ekki lengur „mittismjór“ með skorti á ungu fólki á barnseignaraldri.

Byggðakjarnar

Íbúum á Bakkafirði hefur fækkað síðustu ár, voru 86 árið 2015 en eru nú 65 talsins.

Á Þórshöfn fjölgaði íbúum um 6 milli ára og eru nú 352. Íbúum hefur fækkað lítillega síðustu ár en fjöldinn er þó nokkuð stöðugur.

Á Raufarhöfn er að verða jákvæður viðsnúningur síðustu ár en íbúar eru nú 186 og fjölgaði um 13 frá síðasta ári.

Á Kópaskeri hefur einnig orðið fjölgun en þar fjölgaði um 13 íbúa úr 109 í 122, sem er fjölgun um nærri 9%. Íbúatalan er því komin á svipað ról og var árin þar á undan.

Á Húsavík var nokkur fjölgun en þar fór talan úr 2196 íbúum upp í 2323, sem er fjölgun um 127 íbúa. Þar hefur sem áður segir tímabundin búseta erlendra starfsmanna mikið að segja.

Á Laugum fjölgaði um 3 íbúar og eru þeir nú 109 talsins. Smá sveiflur hafa verið í mannfjölda þar undanfarin ár og voru flestir 128 árið 2015.

Í Reykjalíð fjölga íbúum um 42, sem er umtalsverð fjölgun eða 25%. Er það mikil sveifla frá fyrri árum en íbúar voru 185 árið 2009 og fóru niður í 141 árið 2014.

Á heildina litið fjölga íbúum á svæðinu og hefur gert það frá árinu 2014.. Þá voru íbúar 4786 eftir nokkra fækkun árin á undan. Hægur viðsnúningur var eftir 2015 og svo stökk milli ára 2017 og 2018. Þar hafa framkvæmdir á Bakka við Húsavík og á Þeistareykjum mikið að segja. Ekki má þó líta fram hjá sérstaklega jákvæðri þróun í Mývatnssveit, sem ekki verður eingöngu tengd við þær framkvæmdir. Í Skútustaðahreppi hefur íbúum fjölgað mikið bæði í þéttbýli og dreifbýli, sem áætla má að tengist fjölgun ársstarfa í ferðaþjónustu. Það verður forvitnilegt að fylgjast með þessari þróun næstu árin, en reynslan annars staðar frá m.a. á Austurlandi hefur sýnt að þar sem svo stórar framkvæmdir eiga sér stað tekur nokkur ár að ná jafnvægi á tölur um íbúafjölda.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2018). Mannfjöldi 1. janúar 2018. Sótt á www.hagstofan.is í apríl og september 2018